



Árskógaraskóli leik- og grunnskóli



námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Foreldrakönnun. Spurt um trúnað meðal starfsfólks um málefni barna. 94% telja traust vera 6% frekar ósammála (2 svarendur).	Að foreldrar treysti starfsfólki fyrir málefnum barna almennt.	Halda áfram að minna á mikilvægi trúnaðar.	Sífelld unnið að því að trúnaður ríki um málefni allra barna.	Skólastjóri og deildarstjóri.	Foreldrakönnun vorið 2018.	Markmiðið er að allir séu sammála eða frekar sammála.
Foreldrakönnun. Spurt um matinn í skólanum. 23% svarenda eru frekar óánægð með hann. Allir hinir sáttir.	Að jákvæð umræða sé heima og í skóla með matinn og að hann sé hollur og góður.	Hvetja foreldra til þess að koma í skólann og smakka matinn sem enginn hefur gert til þessa.	Næsti vetur í samvinnu við nýja aðila enda skólamaturinn nýkominn úr útboði.	Skólastjóri og deildarstjóri.	Foreldrakönnun vorið 2018.	Markmiðið er að allir séu sammála eða frekar sammála.
Foreldrakönnun. Spurt um útiveru, útikennslu. 9% (3 svör)telja hana og litla en 91% hæfilega.	Að útikennsla og útivera sé hæfileg fyrir alla nemendur.	Halda áfram hæfilegri útikennslu og útiveru og sýna betur fram á hvað við erum að gera í skólanum og ná þessum 3 svarendum í „hæfileg“.	Vinna markvisst allan veturinn í því að benda enn betur á það góða starf í útikennslu sem er fyrir hendi.	Skólastjóri og deildarstjóri.	Foreldrakönnun vorið 2018.	Að allir foreldrar telji útiveru og útikennslu hæfilega fyrir fjölbreyttan aldur og samsetningu nemenda.



Árskógarskóli leik- og grunnskóli



námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Foreldrakönnun. Spurt hvort foreldrar setji sig inni hvað börnin fást við í skólanum.47% eru sammála en 44% frekar sammála og 9% frekar ósammála.	Að allir foreldrar séu virkir þátttakendur í námi barna sinna á báðum skólastigum.	Hvetja foreldra til þátttöku, koma í skólann, efla matsmöppur og opna skólann enn frekar.	Allur veturinn.	Skólastjóri og deildarstjóri.	Foreldrakönnun vorið 2018.	Að allir foreldrar séu sammála eða frekar sammála.
Samræmd próf. Íslenska og stærðfræði í 4. bekk fyrsta skipti með rafrænum hætti.	Ávallt er unnið einstaklingslega með niðurstöður en alltaf má gera betur.	Þjálfar nemendur í fyrirlögn með rafrænum hætti. Fá foreldra frekar í lið til að rýna í niðurstöður.	Haustið 2017 í kjölfar prófanna.	Skólastjóri og umsjónarkennari.	Sjálfsmatsskýrsla vorið 2018.	Að allir nemendur taki prófin og foreldrar séu virkir þátttakendur í kjölfarið.
Hljóm 2, Orðaskil, Tras Leikskólastig. Máltaka og málþroski.	Snemmtæk íhlutun og leiðir til örvunar málþroska í skóla og heima.	Einstaklingsáætlanir fyrir þau sem þurfa snemmtæka íhlutun. Málörvun í skóla og leiðir fyrir foreldra til þjálfunar heima.	Stöðugt unnið að þessum þáttum allt skólaárið.	Skólastjóri og deildarstjóri.	Sjálfsmatsskýrsla vorið 2018.	Hvert barn er einstakt. Markmiðið er að öll börn sem það geta öðlist góðan málþroska.



Árskógarskóli leik- og grunnskóli



námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Leiksvæði nemenda. Aðalskoðun.	Að leiksvæði séu áfram örugg og skoðuð ár hvert samkvæmt reglum.	Framkvæmt sé árleg aðalskoðun leiksvæða en ekki annað hvert ár.	Heilbrigðiseftirlit gaf frest til loka júlí 2017 til að framkvæma aðalskoðun.	Skólastjóri og umhverfisstjóri Dalvíkurbyggðar	Sjálfsmatsskýrsla vorið 2018.	Leiksvæði séu skoðuð ár hvert.
Starfsmanna-könnun. Veikleikar í úrvinnslu einstaka agamála.	Að nemendur fái þann vinnufrið sem þeir eiga að fá og allir geti farið eftir skólareglum. Að foreldrar axli ábyrgð.	Meiri vinna með nemendum um uppbyggingu sjálfsaga. Aðstoða starfsfólk við að framfylgja viðurlögum við brotum á skólareglum, sáttmála og skýrum mörkum.	Veturinn 2017-2018.	Skólastjóri, deildarstjóri og umsjónarkennari.	Sjálfsmatsskýrsla vorið 2018.	Að allir geti fylgt skólareglum.
Starfsmanna-könnun. Endurmenntun s.s. varðandi vinnu með nemendum sem eiga í erfiðleikum með stærðfræði.	Gera kennara enn hæfari í störfum sínum til að mæta ólíkum og breiðum hópi nemenda. Efla færni nemenda í stærðfræði.	Ráðgjöf og handleiðsla um íhlutun og leiðir í stærðfræðinámi s.s. frá kennsluráðgjafa Námskeið.	Veturinn 2017-2018.	Skólastjóri, deildarstjóri og umsjónarkennari	Sjálfsmatsskýrsla vorið 2018.	Að hver og einn nemandi nái að hámarka færni sína. Að kennarar hafi verkfæri til að mæta ólíkum nemendum.